

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. maí 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Höfðahreppi,
Skagaströnd nr. 12 11. janúar 1974.

1. gr.

Í stað kr. 5 000 í tengigjald komi kr. 10 000 í 2. grein.

2. gr.

Í stað lágmarksgjalds kr. 500 í 6. gr. komi kr. 5 000.

3. gr.

Framantalin gjöld samkv. 2. og 6. gr. eru miðuð við byggingarvísitöluna 159 stig 1. nóvember 1977 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. nóvember ár hvert. Þó má hækkun ekki nema meiru en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um Íslensku UNESCO-nefndina.

I. Starfsreglur.

1. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin er stofnuð í samræmi við VII. kafla stofnskrár Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization — UNESCO).

Nefndin heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ríkisstjórninni og sendinefnd Íslands á aðalráðstefnu UNESCO til ráðuneytis í málum, er varða UNESCO, og tengiliður milli UNESCO og íslenskra mennta-, vísinda- og annarra menningarstofnana.

3. gr.

Nefndin annast upplýsingastarfsemi um málefni UNESCO á Íslandi og hefur samvinnu við aðrar íslenskar nefndir, sem starfa að málefnum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

4. gr.

Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið til meðferðar hvert það verkefni, sem telja má í verkahring UNESCO og brýtur ekki í bága við ákvarðanir og stefnu Íslendinga í utanríkismálum.

Þá er menntamálaráðuneytinu heimilt að fela nefndinni ráðgjafarstörf um aðra fjölbjóðlega menningarsamvinnu, sem Ísland er aðili að, svo sem á vegum Evrópuráðsins, Efnahags- og framfarastofnunarinnar (Organization for Economic Cooperation and Development — OECD), eða á norrænum vettvangi.

Þegar nefndin fjallar um önnur mál en þau sem einungis varða UNESCO, má einnig kveðja á fund aðila sem ekki eiga sæti í nefndinni.

II. Skipun nefndarinnar.**5. gr.**

Menntamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

Í hana skulu skipaðir eftirtaldir aðilar:

1.—3.

- Formaður nefndarinnar, varaformaður og ritari skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar;
4. fulltrúi samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins;
5. rektor Háskóla Íslands;
6. rektor Kennaraháskóla Íslands;
7. útvarpsstjóri;
8. formaður Menntamálaráðs;
9. formaður framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins;
10. formaður Bandalags íslenskra listamanna;
11. forseti Vísindafélags Íslendinga;
12. landsbókavörður;
13. þjóðminjavörður;
14. þjóðskjalavörður;
15. forstöðumaður Listasafns Íslands;
16. forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi;
17. formaður Sambands íslenskra barnakennara;
18. formaður Félags háskólamenntaðra kennara;
19. formaður Landssambands framhaldsskólakennara;
20. formaður Félags skólustjóra og yfirkennara á grunnskólastigi;
21. formaður Félags menntaskólakennara;
22. formaður Æskulýðssambands Íslands;
23. formaður Æskulýðsráðs ríkisins;
24. hagstofustjóri;
25. formaður stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin;
26. forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands;
27. formaður Náttúruverndarráðs;

28. formaður Kvenfélagasambands Íslands;
 29. formaður Kvennréttindafélags Íslands;
 30. formaður Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi.

Ráðherra getur, með samþykki utanríkisráðuneytisins ákveðið breytingar á fjölda nefndarmanna.

Þeim aðilum, sem samkvæmt ofangreindu eiga sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni, er heimilt að tilnefna annan fulltrúa úr stofnun þeirri eða samtökum sem hlut eiga að máli, til starfa í nefndinni í sinn stað. Fallist menntamálaráðuneytið á þá tilnefningu, skal fulltrúinn skipaður í nefndina til loka starfstímabilsins.

Þá er nefndarmanni heimilt, ef hann getur ekki sótt fund í nefndinni, að tilnefna varamann með sama hætti.

III. Starfstilhögun.

6. gr.

Í framkvæmdanefnd Íslensku UNESCO-nefndarinnar eiga sæti: formaður, varaformaður, ritari og fulltrúi utanríkisráðuneytisins.

7. gr.

UNESCO-nefnd eða framkvæmdanefnd hennar er heimilt að kjósa sérnefndir og fela þeim að annast athugun og meðferð ákveðinna mála, þegar henta þykir. Getur formaður UNESCO-nefndar boðað slíkar sérnefndir til fundar við UNESCO-nefndina sjálfa eða framkvæmdanefndina.

Sérnefndir kjósa sér sjálfar formann og mega leita aðstoðar sérfræðinga í einstökum málum.

Í sérnefndum geta bæði átt sæti fulltrúar úr UNESCO-nefnd og menn utan hennar.

8. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin heldur einn fund á ári þar sem lögð er fram skýrsla um störf framkvæmdanefndar síðastliðið ár, drög að starfsáætlun fyrir næsta ár, svo og skýrsla um nýafstaðna aðalráðstefnu UNESCO (á öðrum hverjum aðalfundi).

Heimilt er að kveðja til aukafunda, ef þurfa þykir vegna sérstakra viðfangsefna.

9. gr.

Við atkvæðagreiðslu í Íslensku UNESCO-nefndinni, framkvæmdanefnd hennar eða sérnefndum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

10. gr.

Ritari nefndarinnar er starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

11. gr.

Skipun sendinefndar Íslands á aðalráðstefnu UNESCO heyrir undir utanríkisráðuneytið.

12. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og skal skipa Íslensku UNESCO-nefndina að nýju í samræmi við þær.

Menntamálaráðuneytið, 23. maí 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.